



VINNUSKÓLI SVALBARÐSSTRANDARHREPPS

Skráning í vinnuskóla hefst mánudaginn 12. apríl 2021

Skráning í Vinnuskólann hefst mánudaginn 12. apríl næstkomandi og lýkur miðvikudaginn 12. maí. Skráningu er skilað á postur@svalbardsstrond.is, og í umsókn þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, nafn foreldra, símanúmer og númer bankareiknings.

Nemendur fæddir árið 2008 vinna tvo fyrriparta í viku. Vinnutími 8.-10 bekkjar er mánud.-fimmtud. 8-16 og 8-12 á föstudögum (fæðingarár 2007-2005). Í meðfylgjandi skjali TÍMAR SUMARIÐ 2021 má sjá hvernig vinnudagar og tímar dreifst yfir sumarið. Hádegishlé er milli klukkan 12 og 13 og fá þau greidd laun fyrir 7 tíma vinnu og vinnudagurinn því 8 tímar með 1 klst. matarhléi.

Vinnuskólinn hefur að leiðarljósi að skapa hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir unglunga á aldrinum 14 – 16 ára (nemendur sem lokið hafa 8. – 10. bekk). Boðið er uppá störf fyrir nemendur í 7. bekk (fæðingarár 2008), tvo fyrriparta í viku á þriðjudögum og fimmtudögum. Reynt er að hafa sumarstörf ein fjölbreytt og frekast er unnt, en fyrst og fremst er um að ræða umhverfisverkefni af ýmsum toga s. s. slátt og hirðingu lóða og opinna svæða, hreinsun rusls af vegsvæðum og víðar o.s.frv. Í starfi skólans er leitast við að unglungarnir kynnist þeim skyldum, sem því fylgir að taka þátt í atvinnulífi og að gera þá hæfari til starfa á almennum vinnumarkaði. Þeim er kennd notkun þeirra verkfæra, sem nauðsynleg eru og notast við þau verkefni, sem á hverjum tíma er unnið að. Þannig öðlist unglungarnir reynslu af verklegum störfum, sem að gagni getur komið síðar meir.

Laun fyrir vinnuskóla falla ekki undir kjarasamninga, en sveitarstjórn ákveður launataxta starfsmanna í vinnuskóla Svalbarðsstrandarhrepps. Mjög mikilvægt er að upplýsingar um banka, höfuðbók og númer reiknings séu réttar (ath. kortanúmer er ekki númer bankareiknings)

Laun eru með orlofi
7. bekkur 560 kr. á tímann

8. bekkur 743 kr. á tímann

9. bekkur 971 kr. á tímann

10. bekkur 1.429 kr. á tímann

Umsóknum er skilað til postur@svalbardsstrond.is. Í umsókn þarf að koma fram:

Nafn:

Heimilisfang:

Kennitala:

Bankareikningur:

Sími:

Nafn forráðamanns/foreldris:

Kennitala:

Sími:

Með kveðju

Björg Erlingsdóttir
Sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps